

Ed. 538. Tillaga til þingsályktunar [231. mál]

um athugun á hafnargerð við Þjórsárós.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í ósi Þjórsár, og þá jafnframt hverja breytingu það mundi hafa í för með sér með tilliti til hafnargerðar, ef Hvitá í Árnessýslu yrði veitt í Þjórsá, eins og komið hefur til mála í sambandi við frekari orkuvirkjanir á vatnasvæði þessara fljóta.

Greinargerð.

Suðurströnd Íslands er sem kunnugt er erfið til hafnargerðar, enda er þar fátt hafna og smáar þær sem eru. Engin höfn er til miðsvæðis fyrir Suðurlandsundirlöndinu. Þetta hefur frá öndverðu háð þessum landsfjórðungi, sem í flestum öðrum efnum býður fram það, sem búsaðlarlegast er hérlendis.

Á ýmsum tímum hafa menn fundið til þess, hve hafnvana suðurströndin er, og reynt að bæta þar úr. Stokkseyri, Eyrarbakki og Þorlákshöfn eru talandi dæmi um þetta. Alþingi hefur líka, auk þess að styðja hafnargerðirnar eða lendingarbæturnar á þessum stöðum, gert samþykktir til áskorunar á ríkisstjórnina um rannsóknir á hafnarmannvirkjagerð í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu.

Ekki liggur það fyrir nema fremur óljóst, hvað rannsóknir á þeim stöðum hafa leitt í ljós. En varla hefur það verið mjög jákvætt, svo fátt sem af því hefur heyrt.

Með tilliti til þess, að einhver auðugustu fiskimið, sem þekkt eru á jarðkúlunni, liggja fyrir suðurströndinni, svo og hins, að inn- og útflutningur Sunnlendingafjórðungs verður miklum mun dýrari, þyngri í vöfum og á allan hátt erfiðari vegna þess, hve góðar og fullkomnar hafnir eru fjarlægjar, er augljóst, að til mikils væri að vinna, ef fundinn yrði möguleiki til að byggja fullkomna og stóra verzlunar- og fiskihöfn miðsvæðis á suðurströnd Íslands.

Ekki er kunnugt, að nokkru sinni hafi farið fram rannsókn á Þjórsárósnum með tilliti til hafnargerðar þar. Sjálfsagt hafa menn talið víst, að Þjórsárlhraunið svo nefnda væri svo samtengt ánni og árnynninu, að þar mundi vonlaust að fá nauðsynlegt dýpi til hafnargerðar. En þegar nánar er svipast um, virðist þessu hreint ekki vera þannig farið. Þvert á móti er líklegast, að fremsti hluti árinna og ósinu liggja austan við hraunbrúnina með miklu dýpi niður á fast.

Alkunnugt er, að margar af stærstu borgum heims liggja við hafnir í árósum. Hérlendis hafa hafnargerðirnar ekki orðið með þeim hætti, og kunna til þess að liggja margar orsakir. Ein hin líklegasta er að sjálfsögðu sú, að fátt er hér stórra eða verulega vatnsmikilla fljóta.

Ef af því yrði, að saman yrði veitt tveim stærstu ám landsins og þær báðar látnar falla til sjávar í farvegi Þjórsár, skapast hér alveg nýjar aðstæður, og væri með öllu fráleitt að rannsaka ekki gaumgæfilega þann möguleika, sem þá kynni að skapast á jafnákjósanlegu hafnarstæði og Þjórsárósinn er.